

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2024-2025

1.ágúst 2025

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir



Efnisyfirlit

1.1	Inngangur.....	4
1.2	Starfsemi skólans.....	4
1.3	Námsbrautir í FSN.....	5
1.4	Markmið og hlutverk	5
1.5	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	7
1.6	Nám og kennsla	8
1.7	Námsmat	9
1.8	Endurskoðun námsbrauta	10
1.9	Alþjóðleg samstarfsverkefni	10
1.10	Skólaráð	11
1.11	Fjárhagur og rekstur	11
2	Sjálfsmat í FSN	11
2.1	Um námsárangur	12
2.2	Kennslumat.....	13
2.3	Sjálfsrýni kennara	13
2.4	Líðan starfsfólks - Stofnun ársins 2024 og HR Monitor	16
2.5	Viðhorfskannanir	21
2.6	Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla	22
2.7	Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta	23



2.8	Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN	23
2.9	Viðhorfskönnun útskriftarnema haustið 2024	24
2.10	Framhaldsskólapúlsinn	26
2.11	Könnun á notkun gervigreindar	34
2.12	Rýniviðtöl	35
2.13	Rýniviðtal við útskriftarnema haustið 2024	35
2.14	Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2025	38
3	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	40
3.1	Styrkleikar	40
3.2	Veikleikar	41
3.3	Umbætur og tækifæri	42
4	Viðaukar og fylgiskjöl	45
4.1	Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla	45
4.2	Fylgiskjal 2 - Úrbótaáætlun 2024-2025	46
4.3	Fylgiskjal 3 – Úrbótaáætlun 2025-26	47




Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli sem er staðsettur í Grundarfirði og með framhaldsdeild á Patreksfirði. Skólinn hefur nú lokið sínu 21. starfsári og allt frá stofnun skólans hefur dreifnámskennsla verið áberandi í kennsluháttum skólans. Haldið var upp á 20 ára afmæli skólans síðastliðið haust við hátíðlega athöfn. Við stofnun FSN skólahúsnæðið hannað og byggt með það í huga að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið yrði til móts við þarfir hvers og eins með sveigjanlegu skipulagi. Hugmyndafræðin á bak við kennsluhættina var með nýjum blæ og nýjum áherslum þó að líka hafi verið byggt á gömlum kenningum um skólastarf. Þáttur upplýsingatækni og möguleikar tölvutækninnar hafa alla tíð verið nýttir í skólastarfinu og skipa veigamikinn sess í kennsluháttunum. Skólinn átti að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýta meðal annars dreifnám. Stefna skólans er í sífelldri endurskoðun og við reynum að aðlagð okkur að breytingum sem verða í samfélaginu. Árin þegar heimsfaraldur gekk yfir eru eftirminnileg þar sem starfsfólki skólans og nemendum tókst einstaklega vel að takast á við þær áskoranir sem fylgdu kennslu á því tímabili. Nú horfum við fram á tímabundna fækkun í árgöngum í grunnskólum á upptökusvæði skólans og því er enn mikilvægara að sinna kennslu fjarnemenda en þannig getum við haldið úti óbreyttu námsframboði.

1 Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.



1.1 Námsbrautir í FSN

Nemendur FSN geta valið um fimm námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, frumkvöðla- og nýsköpunarbraut og opna braut. Framhaldsskólabraut er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfnivíðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Endurskoðun á námsbrautum lauk í síðastliðið haust.

1.2 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN voru lengi „Framsækin framhaldsskóli“, en vorið 2023 var farið í endurskoðun á þeim einkunnarorðum og gaf sú vinn af sér ný einkunnarorð: „Framsækni, sjálfstæði, nýsköpun“. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu



á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skipunartími skólanefndar lauk í júní 2022 og var ný skólanefnd skipuð haustið 2023. Við skólann starfar auk stjórnenda, ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði (90%), ritari (50%), húsvörður (100%), kerfisstjóri (25%), ræstitæknir (50%), og 17 framhaldsskólakennarar í 14 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að því að kennsluhættir séu með dreifnámssniði og því áhersla á að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Samland, sem áður hét Fjarmentaskólinn. Samland er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum býðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Á vorönn 2025 stunduðu þrír grunnskólanemendur nám við FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Í byrjun febrúar var, eins og fyrri ár, dagur sem við köllum framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði í apríl og kynntust skólastarfi þar með svipuðum hætti.



Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir, eldri áfangar verið lagfærðir eða nýjar brautir hannaðar.

Vendikennsla hefur verið nýtt frá stofnun skólans þó að ekki hafi verið farið að nota heitið „vendikennsla“ fyrr en síðar. Vendinám styður tvímælalaust við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS varð fastur liður í kennsluháttum á tímum covid-19. Kennarar og nemendur nýta þennan möguleika og hann býður upp á mörg tækifæri í fjarnámskennslu. Síðustu tvö skólaár hefur kennsla farið fram á TEAMS á föstudögum, en á vorönn 2024 var því fyrirkomulagi breytt aftur á þann veg að nemendur sækja nám sitt í skólann á föstudögum eins og aðra daga.

1.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk geti sótt endurmenntun, sjálfsgagnrýnið, sé opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Markmið samkvæmt stefnu til þriggja ára 2025-2027 skv. 31.grein laga um opinber fjármál.

Markmið í kjarnastarfsemi:

1. Að auka gæði menntunar í FSN.
2. Að fjölga nemendum í FSN.
3. Að efla nýsköpunar- og frumkvöðlamennt.
4. Að fjölga námsleiðum við FSN.



Markmið í almennum rekstri:

1. Að auka endurmenntun kennara.
2. Að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi og fjarkennslu.

Markmið í samræmi við markmið fjámálaáætlunar.

1. Að veita góða þjónustu.
2. Öflugur mannauður.
3. Sjálfbær rekstur.

1.4 Náms og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tökum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Einnig er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Kennslu fyrirkomulag á tímum heimsfaraldurs tók töluverðum breytingum og nemendum stóð til boða sveigjanlegt námsumhverfi vegna hertra og ólíkra samkomutakmarkana. Eftir að heimsfaraldurinn lauk hefur verið haldið áfram með tilraunir með breytttri stundatöflu þannig að verkefnatímar á föstudögum fóru fram á TEAMS, þ.e. kennarar kenndu að heiman og nemendur lærðu heima. Í rýnihópaviðtölum og viðhorfskönnunum meðal nemenda kom það fram að mörgum þótti það ekki skila nógu miklu að setja alla verkefnatíma á föstudaga. Það



væri vissulega þægilegt en nemendur nýttu sér einfaldlega þessa tíma ekki nægilega vel. Sumir ættu erfitt með að vakna, það væri enginn sérstakur hvati til að byrja daginn snemma og margir væru hreinlega búnir að koma sér í vinnu á föstudögum. Það var því ákveðið á vinnudögum á vorönn 2021 að taka upp kennslu á Teams á föstudögum og herða mætingarreglur skólans. Þær [mætingarreglur](#) tóku gildi á haustönn 2022 og hafa strax haft nokkur áhrif á mætingu nemenda. Það fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir.

1.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2024-2025 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum frekar en fyrri ár heldur er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat sem stundum er kallað leiðsagnarnám. Próf eru lögð reglulega fyrir í flestum áföngum. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi.

Markmið skólans í leiðsagnarnámi eru að:

- gera nemendur meðvitaða um nám sitt og að nemendur taki ábyrgð á eigin námi
- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarnáms.

Um leiðsagnarnám í FSN má lesa hér:

<https://www.fsn.is/is/namid/namsframvinda/namsmat-og-einkunnir>.



Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Innan sjálfsmatshópsins hefur verið rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN sé að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati, og er það ánægjuefni að segja frá því að skv. könnun framhaldsskólapúlsins virðist sú vera raunin, þar sem nemendur upplifa það að þeir fái mikla athygli, en nánar er fjallað um niðurstöðu þeirrar könnunar síðar í þessari skýrslu.

1.6 Endurskoðun námsbrauta

Skólaárið 2022-2023 hófst endurskoðun á námsbrautum skólans. Þeirri vinnu er nú nær lokið, þar sem áhersla var lögð á að reyna að samræma betur deildirnar og gera þannig auðveldara fyrir áfangastjóra að raða nemendum í áfanga og tryggja þannig að framboð áfanga henti nemendum betur. Stefnt er á að breyta uppsetningu náms á stúdentsbrautum og hafa námsframboð á framhaldsskólabrautum fjölbreyttara.

1.7 Alþjóðleg samstarfsverkefni

Nokkur samstarfsverkefni hafa verið í gangi þetta skólaárið. Þrír kennarar fóru í ferð til Fuerteventura þar sem þeir sóttu námskeið um samspil lista- og náttúrufræðikennslu ásamt kennurum úr öðrum framhaldsskólum.

Þá komu í heimsókn þrír kennarar frá skóla í Norrköping í Svíþjóð til að skoða skólann og fylgja kennurum eftir í starfsspeglun (e. job shadowing). Sú heimsókn var liður í samstarfsverkefni sem hefur verið í undirbúningi undanfarin misseri í gegn um Nordplus. Í enda maí fóru einnig



Þrír kennarar frá FSN í heimsókn til Nörrköping. Næstu tveir liðir í samstarfinu snúa að heimsóknum á báða vegu þar sem nemendur, ásamt kennurum verða þátttakendur.

FSN sótti um og var samþykktur sem aðildarskóli Erasmus+ á árinu. Lögð hafa verið drög af samvinnu við erlenda skóla í tengslum við þau verkefni og stefnt er að því að nýta styrkinn til að fara með nemendur í heimsókn til Nörrköping. Einnig er FSN í samtali við skóla í Belgíu og Króatíu um frekara samstarf og stefnt er að því að kennarahópur fari í eina starfsspeglun og sæki eitt námskeið á tímabilinu júní 25 - ágúst 2026, ásamt því að taka á móti aðilum frá öðrum skólum.

1.8 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins. Á [skólaárinu fundaði skólaráð reglulega](#) og var m.a. fundað um umbótaáætlun gæðaráðs, umsagnir, vinnu við stefnu skólans, skýrslur fagstjóra, valáfanga, reglur um fjarnám, verkefnadaga í maí, skóladagatal 2025-2026 og stundatöflu á vorönn 2025.

<https://www.fsn.is/is/skolinn/nefndir-og-rad/skolarad/fundaaaetlun-skolarads-1>

1.9 Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Á árinu 2024 var ársveltan kr. 383,3 milljónir og afkoma kr. -2,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 38,8 milljónir.

2 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2024-2025 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#). Sjálfsmat er í höndum Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, Steinunn Ingibjörg



Magnúsdóttir, kennari og Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði skipa auk Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, skólameistara.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2024-2025:

Haustönn 2024	Vorönn 2025
Kennslumat Sjálfsrýni kennara Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.) Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda Viðhorfskannanir meðal starfsfólks - HR Monitor Húsfundur Viðhorfskönnun fjarnema Viðhorfskönnun staðnema - aðstaða og skipulag kennslu Viðhorfskönnun útskriftarnemenda Rýnihópur útskriftarnemenda	Kennslumat Sjálfsrýni kennara Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.) Skólapúlsinn Rýnihópur meðal fjarnema Brottfall Nemendastýrður húsfundur Viðhorfskönnun útskriftarnemenda Rýnihópur – útskriftarnemenda Viðhorfskannanir meðal starfsfólks - HR Monitor Áætlun um umbætur Stofnun ársins

2.1 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Aðstoðarskólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bætta ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

Skólaárið 2024-2025 útskrifuðust 21 nemandi (7 á haustönn og 14 á vorönn).



2.2 Kennslumat

Veturinn 2023-2024 var ákveðið að fara nýja leið í kennslumati á skólaárinu og í stað þess að úrtak kennara væri metið hverju sinni þá var brugðið á það ráð að meta alla kennara samtímis og gera það á hverri önn héðan í frá. Kannanirnar voru hannaðar og upp settar sem sniðmát af gæðaráði svo þær væru staðlaðar og eins fyrir alla. Þær voru settar upp í Microsoft Forms, og þurftu kennarar aðeins að merkja sér könnunina og tilgreina þá áfanga sem þau voru að kenna og senda út á nemendur. Í könnunum voru nemendur beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara, auk þess sem spurt var út í nokkur atriði tengd kennslu. Skólameistari vann úr niðurstöðum og fór yfir þær með viðkomandi kennara í starfsmannasamtölum. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að veita kennurum bæði aukið aðhald og gefa nemendum færi á að láta í ljós skoðun sína á öllum kennurum á hverri önn.

2.3 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.

Fyrirhugað er að skoða möguleika á vettvangsathugunum á starfi kennara til að auka enn á möguleika til mats á kennslu og starfi kennara. Þá hefur verið rætt um, eins og sjá má hér að ofan, að kennarar taki frekari þátt í kennslumatsvinnu, sem er vissulega hvetjandi til sjálfsmats.

2.4 Úttekt á umsögnum kennara

Á vorönn vann aðstoðarskólameistari úttekt á annarumsögnum á vorönn fyrir Gæðaráð.

Niðurstöðurnar fylgja hér að neðan. Annarumsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og fá þá nemendur ýmist M (Mjög gott), L (í Lagi) eða Ó (Ófullnægjandi) eftir því hvernig nemendur

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025



eru að standa sig í hverjum áfanga fyrir sig. Þá gefa kennarar þeim persónulegar umsagnir um það hvað þeir meigi bæta í námi sínu.

Félags- og hugvísindabraut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		75	70	46	1	192
		39%	36%	24%	1%	
Fjarnemendur	13	33%	24%	40%	2%	
Staðnemar	24	41%	40%	19%	0%	
Heildarfjöldi nema á braut	37					

Náttúru- og raunvísindabraut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		58	38	12	2	110
		53%	35%	11%	2%	
Fjarnemendur	1	0%	0%	100%	0%	
Staðnemar	16	55%	36%	8%	2%	
Heildarfjöldi nema á braut	17					

Íþrótt- og lýðheilsubraut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		21	39	14		74
		28%	53%	19%		
Fjarnemendur	0					
Staðnemar	10	28%	53%	19%		
Heildarfjöldi nema á braut	10					

Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		20	35	17	5	77
		26%	45%	22%	6%	
Fjarnemendur	5	17%	48%	35%	0%	
Staðnemar	8	30%	44%	17%	9%	



Heildarfjöldi nema á braut	13
----------------------------	-----------

Opin braut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		74	116	65	4	259
		29%	45%	25%	2%	
Fjarnemendur	89	25%	50%	24%	1%	
Staðnemar	12	36%	34%	28%	2%	
Heildarfjöldi nema á braut	101					

Framhaldsskólabraut		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		3	9	10	0	22
		14%	41%	45%	0%	
Staðnemar	4	14%	41%	45%	0%	
Heildarfjöldi nema á braut	4					

Viðbótarnám til stúdentsprófs		M	L	Ó	enginn einkunn	Fjöldi áfanga
		7	3	1		11
		64%	27%	9%		
Fjarnemendur	4	57%	29%	14%		
Staðnemar	1	75%	25%	0%		
Heildarfjöldi nema á braut	5					

Þessar tölur sýna nokkuð svipaða mynd milli brauta, þó hlutfall M umsagna sé hæst á náttúru- og raunvísindabraut og hjá þeim sem taka viðbótarnám til stúdentsprófs. Það vekur þó áhyggjur hversu hátt hlutfall fjarnema fá Ó í sínum umsögnum á öllum brautum og þarf að rannsaka það nánar. Staðnemar fá á öllum brautum M umsögn í herra hlutfalli en fjarnemar og það eru ágætar fréttir útaf fyrir sig.



2.5 Moodle-úttekt

Vorið 2025 var ákveðið að gera stutta úttekt á uppsetningu áfanga kennara í Moodle. Unnið var eftir fyrirmynd frá Menntaskólanum á Ísafirði sem deildi með gæðaráði úttektarskjöllum sem voru svo staðfærð fyrir úttekt við FSN. Úttektina gerði Gunnlaugur Smáráson, umsjónarmaður moodle kerfis skólans, og tók hann út einn áfanga hjá hverjum kennara fyrir sig og vann eftir eftirfarandi skjali:

	Nafn:	
	Áfangi:	
	Dags. Úttekt:	
Atriði á gátlista	Í lagi	Athugasemdir
Heiti áfanga rétt	0	
Námsáætlun skal vera aðgengileg í haus	0	
Skilafrestur verkefna og prófa skal stilla kl. 23:59 á föstudögum	0	
Nota skal síður til að koma lengri texta á framfæri	0	
Heiti á skilahólfum og prófum skulu vera skýr og samræmd	0	
Skilahólf skulu vera neðst í viðkomandi viku	0	
Samtals stig:	0	
Einkunnabók er stillt þannig að hún reikni einungis með færðar einkunnir		
	Úttektaraðili:	

Þessi úttekt ætti að gefa skýra mynd af því hvernig kennarar setja upp sína áfanga og hvernig væri æskilegt að samræma uppsetningu þeirra. Ákveðið var að gera þessa forúttekt til að geta sett upp hvernig best væri að haga þessari samþættingu áður en farið væri í vinnuna af fullum krafti, en stefnt er á að gera það á haustmánuðum. Þá verði framkvæmd önnur ítarlegri úttekt sem miði að því að mæla hvort kennarar hafi sett sína áfanga upp eftir kröfum skólans.

2.6 Líðan starfsfólks - Stofnun ársins 2024 og HR Monitor

Síðastliðin ár hefur verið fylgst með líðan starfsmanna á kerfisbundinn hátt á tvenna vegu; annars vegar með þátttöku í könnun Gallup á Stofnun ársins og hins vegar með könnunum sem sendar eru annan hvern mánuð á starfsfólk í gegn um þjónustu HR-Monitor.

Þessar kannanir hafa samanlagt gefið skýra mynd af stöðu mála hvað varðar líðan starfsmanna og viðhorf þeirra til ákveðinna þátta í þeirra starfsumhverfi. Hér að neðan verður farið nánar út í hvorn þessara þátta fyrir sig og þróun niðurstaðna tíunduð. Það sem þessar kannanir eiga þó sameiginlegt þegar horft er yfir heildarmynd þessara kannana að almenn ánægja virðist




ríkja meðal starfsfólks, sér í lagi með starfsanda og vinnustaðamenninguna sem ríkir innan skólans. Það eru góðar fréttir.

Stofnun ársins 2024

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Svarhlutfall Fjölbrautaskóla Snæfellinga í könnuninni árið 2024 var 63% það hlutfall var 66% árið 2023. Hlutfallið var 64% árið 2022 og árið 2021 var það 86%, 76% árið 2020 og 90% árið 2019. Könnun Gallup um stofnun ársins var send út í október og nóvember 2024 og niðurstöður hennar kunngerðar í febrúar árið 2024. Á heildina litið hækkaði skólinn í mati starfsfólks úr 4,28 af 5 upp í 4,54, en hafði verið 4,19 árið áður og hækkaði þar í öllum flokkum nema sveigjanleiki vinnu. Könnunin Stofnun ársins kom þannig vægast sagt vel út fyrir Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem voru í fimmta sæti í heildareinkunn meðal framhaldsskóla, og í öðru til þriðja sæti í einkunnþætti sem snýr að starfsanda, þar sem skólinn skoraði 4,81 af 5 mögulegum.

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025




Mynd 1 Þróun heildareinkunnar skv. Stofnun ársins

Á þessu línuriti má sjá þróun heildareinkunnar síðastliðin 10 ár, en hún hefur aldrei mælst hærri meðal starfsfólks FSN.



Helstu niðurstöður - Þættir

Fjölbrautaskóli Snæfellinga



Mynd 2 Matsþættir úr Stofnun ársins 2024, breyting milli ára

Þessi mynd sýnir heildarútkomuna, þátt fyrir þátt. Mat starfsfólks skólans hefur batnað talsvert í öllum einkunaflokkum nema einum, sveigjanleika vinnu. Þar má færa til bókar að tvær spurningar draga matsþáttinn talsvert niður:



Hér er um að ræða tvo þætti í starfi kennara sem erfitt er að bera saman við starfsumhverfi annarra, þar sem kennarar eru eðli starfsins samkvæmt háðir því að vera viðstaddir á sínum



vinnustað á ákveðnum tímum (þegar kennsla stendur yfir) og geta e.t.v. síður stokkið frá en margar aðrar stéttir.

Þegar rýnt er í tölurnar hér að ofan má sjá að mat starfsfólks í þáttunum stjórnun og ímynd stofnunar hafa tekið stökk upp á við og standa núna fyrir ofan meðaltal í báðum matsþáttum. Báðir þessir þættir hafa mælst undir væntingum síðastliðin ár og því um mjög jákvæða þróun að ræða.

HR-Monitor kannanir

Mannauðsstjóri hefur sent út kannanir í gegn um kerfi HR-Monitor á u.þ.b. tveggja mánaða fresti (að undanskildum sumarmánuðunum) síðan síðla árs 2022. Svarhlutfall í þessum könnunum hefur alla jafna verið gott þó að undanfarnar mælingar hafi borið þess merki að þreyta sé komin í svarendahópinn. Kannanirnar eru sendar á starfsmannalista og minnt á þær sjálfkrafa. Spurningalistinn telur 8 lokaðar spurningar, m eina úr hverjum matsþætti auk einnar opinnar spurningar í lokinn. Ákveðið var að segja upp samningi um þessa þjónustu vorið 2025 en líðan starfsfólks verður þó mæld áfram eftir öðrum leiðum.

Nafn	2023						2024				2025	
	maí	ágú	sep	okt	jan	apr	maí	ágú	sep	okt	nóv	apr
Árangur	4,16	4,48	4,00	4,07	4,24	4,55	4,20	4,31	4,42	4,21	4,16	4,49
Gæði & tengsl	4,38	4,68	3,61	4,08	4,63	4,29	3,50	4,75	3,87	4,38	3,80	4,40
Starfsánægja	4,20	4,76	4,72	4,08	4,36	4,57	4,65	4,70	4,80	4,24	4,60	4,75
Sjálfsæði til ákvarðanatöku	4,31	4,32	4,50	4,08	4,47	4,71	4,35	4,30	4,53	4,24	4,20	4,75
Stuðningur frá stjórnendum	3,70	4,16	3,39	3,77	4,38	4,64	4,20	4,05	4,40	3,88	3,67	4,30
Kröfur um árangur	3,75	4,42	3,33	4,69	4,31	4,50	4,15	4,55	4,07	3,88	4,47	4,40
Skýr framtíðarsýn	3,94	4,63	3,61	3,31	3,73	4,29	3,55	3,95	4,73	3,47	4,33	4,10
Áhugi, virðing & hollusta	4,94	4,42	4,44	4,38	4,00	4,79	4,60	4,05	4,40	4,76	4,27	4,60
Þjálfun & þróun	4,06	4,47	4,39	4,15	4,06	4,64	4,55	4,10	4,53	4,82	3,93	4,65

Mynd 3 Niðurstöður síðstu 12 mælinga í HR-Monitor

Mynd 3 sýnir niðurstöður síðustu 12 mælinga. Á þessum niðurstöðum má glögg sjá að sumir matsþættir skila viðvarandi jákvæðum niðurstöðum, á meðan aðrir sveiflast kannski meira upp og niður eftir hvaða spurning var fyrir valinu í hverri könnun fyrir sig. Þessar niðurstöður tíma ágætlega við niðurstöður Stofnunar ársins, þar sem fram kemur að starfsandi er góður og starfsánægja er mikil, auk þess sem álit á stjórnendum er einnig gott. Snemma árs 2025 var



ákveðið að setja upp þjónustusamningi við HR-Monitor en þó mun gæðaráð sjá um að halda áfram að halda utan um viðhorf starfsfólks og líðan með könnunum og viðtölum.

Samantekt

Það má glöggst sjá að það ríkir almennt góður starfsandi meðan starfsfólks FSN. Það eru svo sem ekki endilega miklar fréttir fyrir þau sem þekkja til innan veggja skólans, þar sem þverfaglegt samstarf hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í starfi skólans. Þar að auki hafa stjórnendur skólans alltaf hvatt starfsfólk til sjálfstæðra og frumlegra vinnubragða, nokkuð sem er endurspeglað í kennslu og námi við skólann. Þetta virðist allt vera að skila sér í jákvæðri upplifun, m.v. ofangreindar niðurstöður.

2.7 Viðhorfskannanir

Viðhorfskannanir hafa alla jafna verið lagðar fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Kannanirnar er megindlegar, í formi spurningalista, sem sendur er út á Microsoft Forms. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja eina alhliða viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2024-2025 var hafður sá háttur á, eins og fyrri ár, að lögð var áhersla að mæla á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans og svo tók skólinn þátt í Framhaldsskólapúlsinum á vorönn. Þannig var ákveðið að láta Framhaldsskólapúlsinn dekkja könnun á líðan og þjónustu sem iðulega er send út á haustönn, eins og fjallað var um hér að ofan og kennslukönnunin tekin fyrir á haustönn. Þá var einnig send út könnun á útskrifaða nemendur FSN auk sérstakrar könnunar til fjarnema auk könnunar um notkun á gervigreind.




2.8 Viðhorfskönnun haustannar – nám og kennsla

Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2024. Alls svöruðu 29 nemendur könnuninni, sem er talsvert lakari svörun en í síðustu mælingu þar sem 65 nemendur svöruðu könnuninni. Svörun dreifðist þó nokkuð jafnt á milli byggðarlaga.

Eins og sjá má hér að neðan kemur fram að 82% nemenda voru ánægð með að vera í FSN (80% árið 2023) og 93% töldu að kennsla væri almennt góð í skólanum (96,9% árið 2023).

5. Taktu afstöðu til eftirtalinna fullyrðinga um upplifun þína á Fjölbrautaskóla Snæfellinga:




Könnunin sýndi að 62% svarenda nýttu verkefnatíma oft eða stundum, sem er talsverð aukning frá 34,9% árið áður. Í síðustu mælingu kom fram að 15,6% nemenda lesa umsagnir kennara sjaldan eða aldrei. Það hlutfall lækkar árið 2024 niður í 3,4%. Þegar nemendur eru spurðir af hverju þeir lesa ekki umsagnir taka þeir oftast fram að þau gleymi því.

Ákveðið var að mæla sérstaklega viðhorf til kennslu á Teams þetta árið og verður þeirri mælingu haldið áfram í komandi könnunum. Þessi mæling leiðir í ljós að þó að samskipti við kennara í gegn um Teams gangi vel og nemendur eigi auðvelt með að fá aðstoð þegar þeir þurfa þá gangi kennslustundirnar á Teams ekki jafn vel og finnst nemendum þar að auki í meiri mæli að þær jafnist ekki á við kennslustundir í raunheimum. Það er mikilvæg vitneskja og eitthvað sem hægt er að vinna með enn frekar.



12. Taktu afstöðu til eftirtalinnna fullyrðinga um upplifun þína á því þegar kennslustundir fara fram á Teams



Um helmingur nemenda nýtir sér stoðþjónustu (námsráðgjöf, umsjón, stuðningstíma, sérdeild) vikulega eða mánaðarlega sem er aukning frá síðustu mælingu þar sem 58% nemenda sögðust mánaðarlega, sjaldnar eða aldrei nýta sér stoðþjónustu.

2.9 Viðhorfsskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Í ljósi þess að ákveðið var að taka þátt í í könnuninni framhaldaskólapúlslinum árið 2025 var ákveðið að senda ekki út hefðbundna könnun um líðan og þjónustu. Verið er að skoða hvernig best sé að haga tíðni viðhorfsskannana m.t.t. aukins framboðs utanaðkomandi mælinga.

2.10 Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN


Undanfarin ár hefur gæðaráð sent út könnun á útskrifaða nemendur FSN. Könnunin sem send var út á þessu skólaári var lögð fyrir nemendur sem útskrifuðust frá FSN á haustönn 2021, vorönn 2022 og haustönn 2022. Alls svöruðu 9 nemendur könnuninni, fimm staðnemar í Grundarfirði, fjórir fjarnemar. Það gefur augaleið að niðurstöðurnar eru ekki tölfræðilega marktækar en þær geta gefið hugmynd um atriði sem hafa gengið vel eða mætti bæta. Þegar spurt var hversu vel eða illa nemendur töldu að nám þeirra við FSN hefði undirbúið þau fyrir næstu skref kom í ljós, eins og fram hefur komið í fyrri könnunum þessa eðlis að meirihluti nemenda töldu að námið hefði undirbúið þau mjög vel eða frekar vel.



9. Hverju ánægð/ánægður/ánæggt eða óánægð/óánægður/óánæggt varst þú með eftirfarandi þætti í skólastarfinu?

● Mjög ánægð/ánægður/ánæggt ● Frekar ánægð/ánægður/ánæggt ● Hvorki né ● Frekar óánægð/óánægður/óánæggt
 ● Mjög óánægð/óánægður/óánæggt

Kennsluaðferðir (verkefni, skipulag og endurgjöf kennara)
Samskipti við kennara og starfsfólk (hvort sem þau voru í tímum, verkefnatímum eða í öðru tengdu skólanum)
Skólabragur (á við um starfshætti og þann anda sem ríkir í skólanum)
Þjónusta (mötuneyti, skólaakstur, námsráðgjafi, skrifstofa, o.s.frv.)



Könnunin sýndi fram á að 90% svarenda voru mjög eða frekar ánægð með kennsluaðferðir í skólanum (79% í síðustu mælingu), 77% voru mjög eða frekar ánægð með samskipti við kennara og starfsfólk (84% í síðustu mælingu), svo eitthvað sé nefnt.

Þessi könnun er mikilvægur liður í gæðamati skólans og verður því haldið við með svipuðum hætti á komandi skólaári. Það hefur reynst erfitt að ná hæfilegri svörum frá nemendum, m.a. vegna þess að ekki eru endilega rétt netföng skráð á nemendur í Innu þessum árum eftir að þau hafa lokið námi við skólann. Leita þarf nýrra leiða til að finna lausn á því vandamáli svo hægt sé að vinna betur úr niðurstöðunum.


2.11 Viðhorfskannanir útskriftarnema haustið 2024 og vorið 2025

Viðhorfskannanir voru lagðar fyrir útskriftarnema á haustönn 2024 og vorönn 2025, eins og hefð hefur verið fyrir síðastliðin ár. Útskriftarhóparnir voru litlir þessar annir og svöruðu alls fjórir af sjö nemendum á haustönn og átta af fjórtán á vorönn. Þessi könnun hefur verið send út í tvennu lagi en á næsta skólaári verður hún samræmd þannig að auðveldara sé að vinna með töluleg gögn frá svona litlum hópum. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða viðhorf og upplifun nemenda á skólastarfinu, kennslunni, félagslífinu o.fl. við lok skólagöngu þeirra.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að nemendur voru ánægðir með námsráðgjöfina í skólanum, þar sem 100% nemenda svarenda á haustönn töldu hana vera mjög góða eða góða og 75% á




vorönn (og sú tala var í 78% árið 2024). Þegar spurningin „Hvernig finnst þér samskipti og andinn í skólanum?“ er skoðuð sést að viðhorfið fer batnandi milli ára:



Það vakti athygli rannsakenda að í sömu könnun árið 2023 að nemendur virtust á því að andi innan skólans og samskipti gætu verið betri en aðeins 56% töldu andann vera góðan og 44% sæmilegan. Árið 2024 voru þær tölur í 69% og 23% og hafa bara farið batnandi, þar sem yfirgnæfandi meirihluti nemenda telur samskipti og anda í skólanum góðan eða mjög góðan í mælingum þessa skólaárs.

Þegar skoðað var hvort munur væri á samskiptum svarenda við aðra nemendur og svo aftur kennara og annað starfsfólk kom í ljós að um helmingur svarenda töldu að samskipti sín við samnemendur væru góð eða mjög góð í báðum mælingum (50% og 63%), sem er lækkun úr 78% í síðustu mælingu. Samskipti við kennara og starfsfólk eru metin almennt mjög góð eða góð sem er þróun á pari við fyrri ár, 93% svöruðu því til að samskipti þeirra við kennara og annað starfsfólk væru góð eða mjög góð í seinni mælingu árið 2024 og svo var 89% þar á undan.



Nemendur voru loks beðnir um að gefa kennurum, félagslífi og gæðum skólans tölulega einkunn. Kennurum gáfu nemendur einkunnina 7,5/9 (var 7,8 árin 2024 og 2023), félagslífinu 7,13 og 7,5 (var 6,8 2024 og 5,8 árið 2023) og skólanum sjálfum 7,38 og 9,25 (var 6,9 árið 2023 og 6,8 2024). Þessar seinni mælingar verður allar að skoða með tilliti til fámennis en svarhlutfall var almennt ágætt. Þessar tölur veita vísbendingar um hvað sé í réttum farvegi og hvað þarf að skoða nánar. Að lokum voru nemendur spurðir í opinni spurningu hvort þeir myndu mæla með skólanum við aðra og voru flestir á því máli.

2.12 Framhaldsskólapúlsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í Framhaldsskólapúlsinum vorið 2025 eins og gert hafði verið áður haustið 2022 og vorið 2024. Með nemendakönnun Framhaldsskólapúlsins er lagt mat á námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við aðra skóla. Könnunin er í þremur hlutum, þar sem námsumhverfi, virkni í námi og líðan. Auk þess eru opnar spurningar í lokin. Svarhlutfall nemenda FSN var 74% en það var 77% árið 2024 og 86% árið 2022.



1. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	51,1%	23/45	-7,7%	64,3%	1126/1671	-13,2%*
1.2. Samsömun við nemendahópinn	4,1	47	-0,5	4,5	1.683	-0,4
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	6,0	46	-0,6	5,4	1.678	0,6*
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,9	46	-0,4	5,3	1.671	0,6*
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,7	46	-0,1	5,8	1.672	0,9*
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	5,9	45	-0,7	5,8	1.668	0,1
1.7. Jafnrétti í skólanum	4,5	47	-0,5	4,6	1.694	-0,1
1.8. Hlutfall sem hafa notað spjallmenni	47,8%	22/46	-	46,3%	858/1684	1,5%
1.9. Tíðni spjallmennisnotkunar sl. 30 daga	32,0	21	-	20,6	797	11,4


Þegar við skoðum yfirlitið yfir fyrsta hlutann (Námsumhverfi) sést að viðhorf og hollusta við skólann er því miður aftur á niðurleið eftir að hafa verið á uppleið í síðustu mælingu. Þar að baki liggja spurningar á borð við:

- Á heildina litið líður mér vel í skólanum
- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með skólann minn
- Ég get mælt með skólanum mínum við vini mína
- Ég er stolt(ur) af skólanum mínum

Þessi þróun er sambærileg við það sem er að gerast á landsvísu en þarf þó að skoða betur, þar sem að í síðustu mælingu mældist þessi þáttur markvert hærri en annars staðar, sbr. Myndina hér að neðan:



1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl



Þá meta nemendur stuðning kennara, tíðni leiðsagnarmats og virka þátttöku í tímum marktækt hærra en í samanburðarskólunum, rétt eins og raunin var í þessum matsþætti fyrir ári síðan. Það er því ljóst að í FSN er lagt mikið upp úr persónulegum kennsluháttum og leiðsagnarmati og er því greinilega verið að gera eitthvað rétt. Kennarar veiti t.a.m. auka aðstoð ef nemendur þurfa á henni að halda og halda áfram að útskýra þar til nemendurnir skilja. Það er vert að benda á að þrátt fyrir að öll mæligildin mælist lægri milli ára þá er FSN samt yfir meðallagi á landsvísu sem er jákvætt.


Loks var í könnuninni í ár spurt út í notkun spjallmenna sem mælist nokkuð há. Nánar verður fjallað um notkun gervigreindar í öðrum kafla síenna í þessari skýrslu þar sem framkvæmd var könnun á notkun gervigreindar sem hluti af innleiðingu hennar í skólastarfi.



2. Virkni í námi


Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Námsáhugi	5,4	47	-0,1	5,8	1.692	-0,4
2.2. Vinnulag í námi	4,4	47	-0,4	5,0	1.688	-0,6*
2.3. Ástæður fyrir fjarveru	-	38	-	-	-	-
2.4. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	44,7 klst.	43	-5,6 klst.	45,6 klst.	1.592	-0,9 klst.
2.5. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	23,3 klst.	44	-1,8 klst.	23,9 klst.	1.690	-0,6 klst.
2.6. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	7,0 klst.	43	-1,4 klst.	5,3 klst.	1.583	1,7 klst.
2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	7,5 klst.	40	-0,7 klst.	9,4 klst.	1.518	-1,9 klst.
2.8. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tólmstundir og æfingar	7,0 klst.	40	-1,6 klst.	6,9 klst.	1.524	0,1 klst.

Þegar matsþátturinn vinnulag í námi er skoðaður nánar er áhugavert að skoða að á meðan mat nemenda FSN er tölfræðilega marktækt lægra en annara skóla þá eru þær spurningar (sjá hér að neðan) sem helst draga hlutfallið niður kannski ekki bestar til þess að meta nám við skólann. Haft skal í huga þegar niðurstöður eftirfarandi mælinga að skólinn vinnur eftir leiðsagnamati fyrst og fremst, þar sem lítil áhersla er lögð á heimanám og próf, síst af öllu stór lokapróf, auk þess sem meginhluti vinnu nemenda fer fram í stóru rými þar sem samræður og samstarf er grundvöllurinn. Í slíku umhverfi er því oft ekki mikil áhersla á að unnið sé í næði:






2.2.3 Ég er undirbúin(n) fyrir prófin*



2.2.6 Ég forðast truflanir þegar ég er að læra*



Þannig draga þessar mælingar líklega ekki upp hagstæða mynd af náminu, en þó er rétt að skoða þessar tölur í samhengi. Þær einfaldlega mæla þætti sem ekki er mikil áhersla lögð á að skara fram úr í. Til hliðsjónar má sjá að nemendur meta þætti á borð við tíðni leiðsagnarmats og stuðningur kennara við nemendur mjög hátt, sem er í takt við hugmyndafræði leiðsagnamatsins.




3. Líðan

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan	4,3	54	-0,3	4,5	1.902	-0,2
3.2. Hamingja	71,2%	37/52	-4,2%	73,0%	1407/1901	-1,8%
3.3. Sjálfsálit	4,3	52	-0,3	4,5	1.863	-0,2
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,2	51	-0,8	3,9	1.789	-0,7*
3.5. Þunglyndi	16,7%	8/48	-1,3%	12,9%	218/1709	3,8%
3.6. Kvíði	23,4%	11/47	1,4%	27,4%	448/1705	-4,0%
3.7. Svefnleysi	18,8%	9/48	-4,7%	33,1%	527/1731	-14,3%*
3.8. Ástæður svefnleysis	-	38	-	-	-	-
3.9. Einelti	25,5%	12/47	11,8%	16,4%	281/1703	9,1%
3.10. Áreitni og ofbeldi	34,0%	16/47	14,4%	26,3%	470/1696	7,7%

Kvíði og svefnleysi meðal nemenda mælist minna en á landsvísu, en svefnleysi minnkar áfram og mælist algengi þess með minnsta lagi á landsvísu, sem er ánægjuefni:




3.7. Svefnleysi – Ársmeðaltöl



Hamingja mældist hærri í FSN en á landsvísu í síðustu mælingu og í þeirri mælingu hafði tilfellum af áreitni og ofbeldi fækkað. Það er því sláandi að sjá tölur um snarlega fjölgun í þeim þáttum milli ára, sér í lagi í eineltistilvikum sem stekkur upp á toppinn eftir að hafa verið undir meðallagi í fyrra:



3.9. Einelti – Ársmeðaltöl



Þetta er áhyggjuefni þar sem ekki hefur orðið sambærileg fjölgun á tilvikum sem tilkynnt eru til skólans og þarf þar að grípa inn í. Nokkrir aðrir þættir tengdir líðan nemenda eru einnig að þróast í ranga átt (Stjórn á eigin lífi, Sjálfsálit og Hamingja) sem kemur kannski ekki á óvart ef tilfellum eineltis og ofbeldis fjölga.

Niðurstöður framhaldsskólapúlsins eru gríðarlega mikilvæg verkfæri fyrir skólastjórnendur. Bæði tryggja þær að hægt sé að vera meðvituð um ástandið en einnig hjálpar það til við að finna leiðir til að bregðast við. Þá skal ekki ósagt látið allt það jákvæða sem fram kemur og getur staðfest hvað er að virka – ekki bara hvað er ekki að virka. Þar má nefna jákvæðar niðurstöður sem snúa að kennslu og hlutverki kennara í þessari mælingu, sem er rós í hnappagat kennara skólans.



2.13 Könnun á notkun gervigreindar

Á vorönn 2025 var skipaður verkefnastjóri með innleiðingu gervigreindar í námi og kennslu og verkefnastjóri með FAB LAB vinnu. Einnig var skipaður starfshópur til að vinna að innleiðingu gervigreindar og send var umsókn til Sprotasjóðs vegna verkefnisins, sem var samþykkt og skólanum veittar þrjár milljónir til þessarar vinnu.

Hluti af vinnu þessa starfshóps var að hanna og senda út könnun til að mæla og meta notkun á og viðhorf til gervigreindar í leik og starfi nemenda. Þessi könnun verður endurtekin eftir því sem innleiðinguninni vindur fram til en helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að langflestir svarenda notuðu gervigreindarlíkön daglega til vikulega og þá einna helst til námsaðstoðar eða við sköpun efnis. Þá vakti athygli að meirihluti svarenda hafði áhyggjur af siðferðilegum þáttum sem tengjast gervigreind. Eins og áður segir verður þessi könnun send út reglulega í innleiðingarferlinu og verður gaman að fylgjast með frekari niðurstöðum til að bera saman.

2.14 Viðhorfskönnun fjarnema

Fjarnemum við FSN hefur fjölgað umtalsvert síðastliðin skólaár og eru nú orðinn stór hluti nemendahóps skólans. Það hefur löngum verið markmið skólans að fjölga fjarnemum við skólann, enda skólinn vel til þess búinn að taka við og þjónusta fjarnema. Þar að auki hefur fækkað í árgöngum á upptökusvæði skólans svo þörf hefur verið á að fjölga í nemendahópnum til þess að geta haldið úti fjölbreyttu námsframboði.

Á haustönn 2024 var því ákveðið að byrja að senda út sérstaka viðhorfskönnun til að mæla viðhorf þeirra til náms og kennslu í skólanum. Sú könnun var send út á haustönn og svo aftur á vorönn og tók til almennra atriða sem snúa að upplifun nemenda á skólanum auk sértækra atriða sem snúa að því að vera fjarnemi, svo sem hvort viðkomandi hefði stundað nám við skólann áður, hvar viðkomandi væri búsettur, hvar viðkomandi hefði heyrt af skólanum og hvers vegna fjarnám við FSN hefði orðið fyrir valinu.

Það sem fyrst ber að nefna er sú staðreynd að það gekk illa, sér í lagi á vorönn að fá svörun við könnuninni. Reynt var að senda könnunina á persónuleg netföng fjarnema sem og



skólanetföngin þeirra en það kom ekki í veg fyrir mjög slaka svörun, annars vegar tæp 20% í haustkönnuninni og hins vegar tæp 10% í vorkönnuninni. Þetta gerir það að verkum að tölfræðileg úrvinnsla þessara kannana er mjög takmörkuð. Það er þó ánægjulegt að þeir fáu nemendur sem svöruðu voru mjög ánægðir með námið og kennsluna.

Þetta þýðir einfaldlega það að gera þarf ráðstafanir til þess að ná betur sambandi við þennan mikilvæga hóp og efla samskiptin milli skóla, kennara og fjarnema. Það hefur komið til tals í kennarahópnum að það geti verið erfitt að ná sambandi við suma fjarnema og því ekki um áður óþekkt vandamál að ræða. Það þarf engu að síður að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að slíkt verði algengara en raun ber vitni og snúa vörn í sókn.

2.15 Rýniviðtöl

Tekin voru tvö rýnihópaviðtöl á skólaárinu. Tekin voru rýniviðtöl við útskriftarnema við lok hvorrar annar. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svörun frá nemendum og starfsfólki. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli gæðaráðs eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.

2.16 Rýniviðtal við útskriftarnema haustið 2024

Útskriftarefni voru tekin í rýniviðtal um dvöl þeirra við skólann eins og gert hefur verið síðastliðin ár, viðtalið tók Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir þann 6. desember 2024 í Fiskabúrinu, sem er fundarstofa í skólanum.

Nemendur lýstu blendnum tilfinningum varðandi það að vera að útskrifast. Blanda af spennu og óvissu um hvað tæki við.

Áform eftir útskrift

Flestir höfðu í hyggju að fara að vinna eftir útskrift, þó flest ætluðu sér að fara síðar í áframhaldandi nám. Þá voru einhver búnir að ákveða í hvaða nám þau ætluðu, önnur ekki. Nemendurnir sögðust bæði vilja taka hlé frá námi vegna námsþreytu, önnur vildi safna pening og enn önnur einfaldlega bíða og sjá hvað framtíðin bærir í skauti sér.



Samskipti og andi í skólanum

Nemendurnir voru almennt sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk hafi verið góð. Þeir upplifðu að þeir hefðu haft greiðan aðgang að kennurum, og að sú nálægð væri eðlileg þar sem nemendahópurinn væri lítill. Samskipti við kennara fóru aðallega fram í tímum, en einnig gegnum Teams eða með því að biðja um aðstoð á staðnum.

Hvað varðar félagslíf og samskipti milli nemenda, lýstu margir því að þeir væru ekki sérstaklega félagslyndir og héldu sig innan síns vinahóps. Samt væru samskipti við aðra nemendur auðveld þegar þau áttu sér stað, til dæmis í hópverkefnum. Enginn upplifði slæm samskipti – félagslífið hafi bara einfaldlega ekki verið forgangsatriði hjá þeim.

Fáir nemendanna sóttu skipulagða viðburði á vegum NFSN. Sumir höfðu ekki áhuga, töldu böll leiðinleg eða upplifðu að hávaði og mikið áreiti gerðu slíka viðburði erfiða. Einnig kom fram að það að hefja framhaldsskólanám í miðjum covid-faraldri hafði haft áhrif – félagslífið fór rólega af stað og það dró jafnvel úr áhuganum síðar meir.

Náms- og kennsluaðferðir

Almenn ánægja var með kennsluaðferðir og leiðsagnarmat. Nemendur voru sammála um að þessi kennsluháttur væri svipaður því sem þau höfðu kynnst í grunnskóla en ræddu kostui leiðsagnarnáms – það veitti þeim tækifæri til að bæta sig, dró úr prófakvíða og gerði námsferlið markvissara. Þá töldu þeir að það væri sanngjarnara að meta vinnu þeirra út frá heildarframlagi yfir önnina frekar en með einu stóru prófi.

Þó töldu nemendur að verkefnaálág væri misjafnt eftir áföngum og kennurum. Einn nefndi að stytting framhaldsskólans í þrjú ár hefði aukið álag – fleiri verkefni á skemmri tíma gerðu það stundum erfiðara að tileinka sér námsefnið. Það væri meiri keyrsla og álag.

Almennt þótti verkefnaálagið þó sanngjarnt miðað við námsuppsetninguna, en einhverjir sögðust þó gjarnan vilja sjá það aðeins minna. Álagið var sagt mest í upphafi þegar nemendur voru að venjast nýju skipulagi og sjálfstæðum vinnubrögðum. Einnig komu fram vangaveltur



um að nemendur gleymdu stundum að skoða umsagnir kennara við verkefni, einfaldlega vegna þess að þeir voru í svo miklu álagi og andlega þreyttir eftir vikuna. Hins vegar sögðust þau flest hafa nýtt sér námsmatið á Innu og haft gagn af.

Hvað mun námið nýtast?

Flestir nemendur töldu að þeir myndu taka með sér jákvæða þekkingu og hæfni úr skólagöngunni – sjálfstæð vinnubrögð, aukið sjálfstraust í samskiptum og það að geta talað fyrir framan fólk voru nefnd sem mikilvægir þættir. Einn nefndi sérstaklega að hann hefði lært að þekkja sjálfan sig og hvernig hann lærir best. Þá sáu nemendur fyrir sér að þessi hæfni gæti nýst hvort sem þeir færu í frekara nám eða út á vinnumarkaðinn.

Sakna mest/minnst

Það sem nemendur sögðust líklegast sakna mest var að hafa eitthvað að gera, vera í rútínu, og í einhverjum tilvikum kennaranna. Þau sögðust sakna félagslífsins – jafnvel þau sem ekki voru sérstaklega félagslynd – það væri bara hluti af lífinu í skólanum.

Hins vegar voru þau sammála um að þau myndu ekki sakna stressins, að þurfa að halda áfram að vinna þegar þau kæmu heim og þess að vera alltaf að hugsa um skólann. Ein lýsti því sem „fullri vinnu og svo vinna ofan á það,“ og að það væri ekkert andrými – skólinn fylgdi manni heim og fyllti hugann.

Ábendingar og það sem mætti bæta

Nemendurnir voru sammála um að það vantaði upp á hvernig aðrir nemendur ganga um skólann, sérstaklega klósettin. Þeir töldu að nemendur gætu sýnt meiri ábyrgð og tillitssemi. Einnig var minnst á að einstaka kennslurými, sérstaklega opni salurinn, gætu verið betri með meiri skilrúmunum – það væri notalegra fyrir marga.



Einn nemandi nefndi að það hefði verið skrítið að fara úr því að vera alltaf með skilrúm í cóvid yfir í fullkomlega opið rými. Þó voru engar stórar athugasemdir gerðar við annað í skólanum – það var ljóst að flestir voru þakklátir fyrir góðan skóla og góða reynslu.

2.17 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2025

Rýniviðtal við útskriftarnema fór fram miðvikudaginn 7.maí 2025. Viðtalið var tekið í Fiskabúrinu, fundarstofu í skólanum. Viðtalið tók Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir deildarstjóri framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði og situr í gæðaráði. Eins og áður var lagt upp með að spyrja nemendur út í veru þeirra við skólann, hvernig þau mátu samskipti við starfsfólk og samnemendur, námsmat og kennsluhætti og loks hvernig þeim þætti þau vera undirbúin fyrir næstu skref í lífinu eftir nám við FSN.

Almennt voru nemendur ánægðir með veru sína við skólann og upplifðu ákveðið stress við að vera að klára. Það var misjafnt hvort þau voru búin að ákveða hvað þau ætluðu sér að gera eftir útskrift. Einhver voru búin að ákveða að fara beint í frekara nám, önnur voru búin að ákveða að taka fyrst pásu og fara svo í áframhaldandi nám en enn önnur óviss um hver yrðu næstu skref. Tveir af nemendunum sáu fyrir sér að fara í iðnnám en restin í bóknám á háskólastigi.

Samskipti og andi í FSN

Viðmælendur voru sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk hafi verið góð. Kennarar hafi veitt góða þjónustu og verið til staðar hvort sem það var í með hjálp tækninnar eða í eigin persónu. Það hafi hjálpað til að skólinn sé svona lítill þar sem nemendur eru ekki bara kennitölur á blaði. Einnig tala þau um að geta leitað til annars starfsfólks, eins og starfsfólks skrifstofu.

Varðandi félagslífið þá segjast þau öll hafa kynnst öðrum nemendum og eignast fleiri vini, kynnst öðrum nemendum af Snæfellsnesi sem þau þekktu ekki áður og munu sakna vina sinna eftir útskrift. Fámennið sé þó áskorun varðandi félagslífið.



Náms-og kennsluaðferðir

Nemendurnir voru öll sammála um að líka vel við leiðsagnarmat, þeim þykir kostur að vinna verkefni stöðugt yfir önnina í stað stórra prófa. Einhver nefndi að hann upplifði að nemendum væri sýndur meiri skilningur í kennsluaðferðum FSN. Ókostirnir nefna þau mögulega það að læra ekki að „læra“ fyrir stór próf. Fleiri tóku undir það, að þau væru mögulega ekki undirbúin undir prófalestur.

Kröfur og verkefnaálag

Nemendum þótti verkefnaálag heilt yfir sanngjarnt en nefna mikið álag fyrsta árið. Það sé bæði árið sem þau eru enn að læra inn á að skipuleggja sig og hvernig kennsluaðferðir í FSN séu, ásamt því að vera oft í mörgum áföngum og þ.a.l. miklum verkefnaskilum hverja viku, á fyrsta árinu. Þau segja stundum misjafnt hvernig áherslur kennarar hafi á tegund verkefna og sumir leggja mikla áherslu á hópverkefni og aðrir ekki.

Umsagnir

Nemendurnir virðast lítið nýta sér það að lesa yfir umsagnir kennaranna á verkefnum sínum. Þau segjast flest einungis skoða einkunnina sem þau fá fyrir verkefni þó svo að sum hafi viljað venja sig á að nýta sér umsagnirnar. Þau voru þó öll sammála um að nýta sér námsmatið sem kennarar birta þrisvar sinnum á önn.

Hvernig mun námið nýtast

Flest virtust sammála um að kennsluaðferðir og lærdómurinn í FSN muni nýtast þeim í áframhaldandi námi, sér í lagi þau sjálfstæðu vinnubrögð sem þau hafi tamið sér. Þau segjast hafa lært að leita sjálf af upplýsingum. Aðspurð hvort þau telji að vinnubrögðin sem þau hafi lært muni nýtast þeim í starfi nefni einn nemandi að sjálfsmýndin væri sterkari, ætti auðveldara með að eiga í samskiptum við aðra.



Sakna mest/minnst

Þau tala öll um að þau muni sakna þess að hitta vini sína, persónulegrar nálgunar kennaranna, því að vera í rútínu og sum nefna ákveðna kennara. Einnig nefndi einn nemandi að hann eigi eftir að sakna þess að fá dreifnýlisstyrk.

Þau segjast eiga minnst eftir að sakna þess að skila verkefnum og gera próf og einnig því að að eyða fjármunum í bensínkostnað til og frá skólanum.

Aðspurð hvort það væri eitthvað sem þeim finnst vanta í skólann var einn sem talaði um að vilja fleiri lokaðar kennslustofur og svo voru þau sammála um að vilja hafa fleiri nemendur.

3 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veikum þáttunum og vinna meira með styrkleikna. Einnig er unnið að umbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

3.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttektum, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri og vellíðan nemenda sinna. Þetta hefur skilað sér til nemenda sem eru ánægðir með sinn hlut.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með hóp starfsmanna sem hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er stolt af þeirri vinnu sem er unnin hér. Frá og með haustönn 2021 voru allir



kennarar með kennsluréttindi. Starfsmannahópurinn einkennist af samhug og metnaði gangvart nemendum sínum og kennslunni. Starfsmannavelta hefur verið lítil síðastliðin ár. Nálægðin sem stærð skólans getur af sér hefur löngum verið einn helsti styrkleiki hans og ber starfsfólk hag nemenda sinna fyrir brjósti. Þannig eru allir tilbúnir að leggjast á eitt við að leysa öll þau mál sem koma upp, góð eða slæm. Það er einstakt og ber að hlúa að því.

3.2 Veikleikar

Veikleikar skólans hafa löngum verið hin hliðin á styrkleikum hans, þ.e. hversu fámennur eða lítill hann er. Á meðan að fámennið hefur gert kennurum kleift að eiga í persónulegum samskiptum og halda betur utan um nemendur en þekkist í stærri skólum þá getur fámennið haft neikvæða hluti í för með sér einnig. Það getur reynst erfitt að halda úti fjölbreyttu námsúrvali þegar nemendum fækkar og auk þess getur nándin haft áhrif á fagmennsku kennara. Brugðist var við þessari hættu m.a. með því að búa til þrjár stöður fagstjóra, frá hópi félagsvísindakennara, tungumálakennara og raungreinakennara, til að hafa yfirsýn yfir faglegt starf kennara og efna til faglegarar umræðu. Ekki er annað að sjá en sú vinna hafi borið árangur.

Fjölgun fjarnema hefur gert gæfumuninn til að halda úti betra námsúrvali en á skólaárinu kom fram í dagsljósið neikvæðari hlið fjarnámsins, þ.e. fjölgun óvirkra fjarnema. Oft getur reynst erfitt að ná sambandi við fjarnema sem kannski kannast ekki við fyrirkomulag leiðsagnarmat og koma þeim af stað. Það kann að virka óárennilegt að skila verkefnum vikulega en gögnin sýna það að þegar fjarnemar komast af stað þá getur þetta fyrirkomulag verið hentugt, sér í lagi meðfram öðrum skyldum.

Starfsemi skólaráðs og skólanefndar hefur eflst á skólaárinu sem er fagnaðarefni, þó alltaf megi gera betur þar. Þá þarf að halda áfram að fylgjast með framvindu í innra mati skólans með því að bera saman gögn milli ára og setja fram á myndrænan hátt. Það hefur verið stefna gæðaráðs að vinna eftir einmitt þeim formerkjum á þessu skólaári.



Þá þarf að passa upp á að nemendur og kennarar vinni eftir stefnu skólans í náms- og kennsluháttum og að þeim sé viðhaldið, og meta ávinning nemenda af því fyrirkomulagi sem skólinn einsetur sér að vinna eftir - leiðsagnamati.

3.3 Umbætur og tækifæri

Á vinnudögum í maí 2025 fór starfsfólk á vinnustofu á Hvanneyri sem stýrt var af kennurum við Háskólann á Bifröst. Fjallað var um fjarkennslu fyrst og fremst og hvernig best væri að haga kenni og skipuleggja. Þá var einnig tekið fyrir hvernig best væri að nálgast nemendur í fjarnámi og hvaða kröfu á að gera til þeirra.

Skólinn hefur viðhaft samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi á skólaárinu. Námsráðgjafi heldur fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjar á svæðinu. Á vorönn hefur verið haldinn framhaldsskólahermir í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekkja á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmenntaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á reglulega á símafundi allan veturinn.

Í síðustu sjálfsmatsskýrslu var gerð úrbótaáætlun fyrir veturinn 2024-25 (sjá fylgiskjal 2) sem lagt var upp með að uppfylla á skólaárinu eða í það minnsta vinna áfram. Hér verður farið stuttlega yfir árangur í þeim atriðum og loks hvað það er sem mun verða áherslan í úrbótaáætlun næsta skólaárs.

Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi: Síðastliðin ár hefur félagslíf nemenda breyst talsvert frá því sem var fyrir heimsfaraldur. Aðstæður fyrir félagslíf hafa þannig og má þar sérstaklega taka það dæmi til umfjöllunar að erfiðlega gekk fyrir nemendafélagið að halda böll og skemmtanir vegna dræmrar mætingar, sem er svipað stef og árið áður. Það er vandamál sem þekkist á landsvísu hjá þessum aldurshóp og e.t.v. kalla þessar



nýju aðstæður á nýjar útfærslur. Annað sem spilar inn í er sú staðreynd að Nemendafélagið var því miður ekki mjög virkt á þessu skólaári og verður það vonandi þróun sem breytist til hins betra á komandi skólaári.

Viðhalda tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og grunnskóla á svæðinu: Haldið var áfram að vinna að eflingu þessara tengsla með því að senda kennara til Patreksfjarðar auk þess að hvetja nemendur til að koma til Grundarfjarðar í námslotum. Staða deildarinnar er viðkvæm sökum fárra nemenda og því mikilvægt að viðhalda þessum tengslum. Þá hefur deildarstjóri Framhaldsdeildarinnar unnið gott starf við að efla nemendur deildarinnar til þátttöku í ýmsu sem boðið er upp á, eins og t.d. skíðaferðu, erlendum samstarfsverkefnum o.fl.

Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum: Á skólaárinu 2024-25 voru fjarnemar við skólann fleiri en staðnemar. Það virðist sem að markaðssetning skólans hafi borið einhvern árangur, sem og má ætla að orðspor skólans sem fjarnámsskóli skili nemendum einnig inn. Það verður spennandi að sjá hvort að sú þróun haldi áfram á næsta skólaári. Þá skráðu sig tveir nemendur til náms við skólann í eins konar skýjanámi en þeir nemendur höfðu verið við nám í Skólanum í skýjunum en námið í Skólanum í skýjunum svipar mikil til þess við FSN og ætti því að henta einstaklega vel fyrir þá nemendur. Nú á vordögum auglýsti FSN svo slíkt nám til umsóknar. Þar sækja nemendur tíma í rauntíma og eiga að mæta í þá tíma. Þeim býðst svo að koma í staðlotur þegar nemendur úr Framhaldsdeild á Patreksfirði mæta þrisvar á önn.

Að auka tengsl við stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki á upptökusvæðinu: Ákveðið var að fara í eflingu í þessum málaflokki og hefur það gengið vel. Skrifað hefur verið undir samstarfsyfirlýsingar við Svæðisgarð Snæfellsness, Snæfellsnesþjóðgarð og EarthCheck vottunina á Snæfellsnesi á skólaárinu og er stefnan sett á náið samstarf með þeim aðilum. Leitað verður leiða í frekara samstarfi á komandi skólaári.

Að nemendum í skólanum líði almennt og vinna gegn þunglyndi og kvíða: Á síðasta skólaári var þessi þáttur mældur með þátttöku í Framhaldsskólalápinum og var ákveðið að endurtaka leikinn í ár. Niðurstöður síðasta árs bentu í rétta átt – hamingja mældist há og fátt var um



eineltis og ofbeldisatvik skv. mati nemenda. Því miður hefur þetta ekki þróast í rétta átt á yfirstandandi skólaári og vöktu niðurstöður könnunarinnar sem reifaðar voru fyrr í þessari skýrslu nokkra undrun, en þó aðallega áhyggjur. Það hefur því verið ákveðið að setja viðbrögð við þessari auknu vanlíðan, vonleysi og fjölgun eineltistilfella í forgang á komandi ári og hanga þá fleiri markmið næsta árs saman við það.

Úrbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár 2024-2025 (fylgiskjal 2) og byggði að mörgu leyti á sömu eða svipuðum atriðum og fyrri ár. Þar hafa markmið sem voru á fyrri áætlun þróast örlítið auk þess sem markmið um innleiðingu gervigreindar hefur bæst við.



4 Viðaukar og fylgiskjöl

4.1 Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla



Áfangaskýrsla kennara vegna vorannar 2025

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.maí.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.



Áfangi	Önn	Kennari
	V2025	

1. Stutt skýrsla um kennsluna og námsefni. (rafrænt, kennslubók, á netinu, frá kennarara, ekkert námsefni, annað.)
2. Eigum við að hafa vinnustundirnar áfram eða breyta þeim eða fella niður?
3. Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.
 - a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - d. Meðaleinkunn:
 - e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):
4. Námsmat - umsagnir.
 - a. Hvað finnst þér um fyrirkomulagið á námsmatinu, þ.e. tvær umsagnir og lokaekinn?
 - b. Eigum við að gera breytingar á fyrirkomulagi námsmats og þá hvaða?
5. Hvernig hefur þú nýtt þér gervigreind í þínum áfanga?:
6. Hvaða endurmenntun ættum við að hafa á vinnudögum í ágúst 2025:
 - a. Leiðsagnarnám.
 - b. Gervigreind.
 - c. TEAMS.
 - d. Annað.
7. Hvaða setning eða orð, lýsa best hvernig skólaárið 2025 hefur verið hjá þér og FSN.



4.2 Fylgiskjal 2 - Umbótaáætlun 2024-2025

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi, bæði á Snæfellsnesi og á Patreksfirði	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að halda áfram að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu á skólanum sem fjarnámsskóla	Fjöldi nýrra fjarnema Viðhorfskannanir meðal fjarnema	Starfsmaður fenginn til að sinna markaðsmálum á markvissan hátt	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari
Viðhalda tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og grunnskóla á svæðinu	Stuðla að því að farið sé í allar skipulagðar ferðir til Patreksfjarðar, sem og að efla þáttöku nemenda þáðan þegar þau koma í staðlotur.	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði	Starfsfólk og kennarar hvattir til að fara vestur á starfsmannafundum.	Skólameistari/ aðstoðarskólameistari
Að nemendum í skólanum líði almennt og vinna gegn þunglyndi og kvíða	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólapulinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla
Að auka tengsl við stofnanir,	Auka hróður skólans í	Fjöldi staðfesta samstarfsaðila	Stofna til samvinnu með því að skrifa	Skólameistari/



einstaklinga og fyrirtæki á upptökusvæðinu	nær samfélaginu og fjölga um leið tækifærum í nýsköpun með aukinni samvinnu	Jákvæð umfjöllun á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum	undir samninga og viljayfirlýsinga við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki	Aðstoðarskólameistari
--	---	--	---	-----------------------

4.3 Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun 2025-2026

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Að efla skólabrag og auka hróður skólans	Efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi Viðburðum verði gert hátt undir höfði og þeir frekar hafðir á skólatíma	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla. Rýniviðtöl meðal nemenda og starfsfólks	Stuðningur starfsfólks við nemendur yfir allt skólaárið og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag/Starfsfólk
Bæta samskipti og tengingu við fjarnema við skólann til að sporna við brottfalli þeirra	Fundnar verði leiðir til að ná sambandi við fjarnema og undirbúa þá betur fyrir fjarnám við skólann og þau þeirra samskipta sem það krefst	Viðhorfsskannanir og rýniviðtöl meðal fjarnema Tölfræði yfir brottfall og föll fjarnema	Fastmóta samskipti milli umsjónaraðila fjarnema með einfaldari boðleiðum.	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og vinna gegn þunglyndi, vanlíðan og eineltistilfellum	Að eineltistilfelli, kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í framhaldsskólapúlsinum	Framhaldsskólapúlsinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu Fyrirlestrar og forvarnir	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla
Að auka tengsl við stofnanir, einstaklinga og	Vinna markvisst með stofnunum og fyrirtækjum sem hafa	Fjöldi samstarfsverkefna	Efna til afmarkaðra og skipulegra	Skólameistari/ Aðstoðarskólameistari

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA
Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025



fyrirtæki á upptökusvæðinu	gert samkomulag um samstarf.		verkefna með samstarfsaðilum	
Að innleiða notkun gervigreindar í skólastarfi svo hægt sé að bregðast við breyttum tímum með tilkomu hennar	Vinna markvisst að innleiðingu gervigreindar í starfi kennara jafnt sem nemenda til þess að geta tryggt gagnrýna hugsun og læsi á nýtilkomna tækni, svo hún komi ekki niður á námi nemenda	Könnun á notkun gervigreindar í skólanum	Að opna á umræðu um notkun gervigreindar í öllu skólastarfi og hafa fræðslu að leiðarljósi í stað hræðslu	Starfshópur um innleiðingu gervigreindar

